

Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1185

1. Almennt

Landeldi ehf. (kt. 650417-1510), Urðarhvarfi 8, 203 Kópavogi, sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 3.450 tonna hámarkslífmassa af laxi, bleikju og urriða til seiða- og matfiskeldis, þann 26. apríl 2021.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og álit Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 11. október til 8. nóvember 2021 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Landeldi ehf. lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 25. maí 2020 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 13. ágúst 2020.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir því að aðalvalkostur fælist í því að byggja nýja eldisstöð þar sem góðar vegasamgöngur væru, stuttar fjarlægðir til útskipunarhafna og að svæðið sem byggja ætti á væri mjög auðugt af fersku, íssöltu ásamt fullsöltu grunnvatni. Markmið framkvæmdarinnar er að framleiða hágæða vöru í sátt við náttúruauðlindir og umhverfi, fjölga atvinnutækifærum og skapa gjaldeyri. Að auki vill fyrirtækið auka þekkingu í fiskeldi á landi. Fjallað var um staðsetningu kerja, hönnun kerja, endurnýtingu fersks vatns og frásíun seyru. Markmið fyrirtækisins er að vinna verðmæti úr seyrunni. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi.

Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur gögnin lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2.2. Vatnsöflun

Í áliti Skipulagsstofnunar telur stofnunin óvissu á umfangi samlegðaráhrifa eldisstöðvar Landeldis ehf. og annars eldisiðnaðar við Þorlákshöfn vegna þeirra umfangsmiklu vatnstöku sem fyrirhuguð er á svæðinu. Þar sé einna viðkvæmast jafnvægið á milli ferskvatnslinsunnar og saltvatnslinsunnar. Matvælastofnun telur ljóst að samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu vegna vatnstöku sé nokkuð óviss en aðgerðir sem rekstraraðili leggur til ætti að draga úr áhrifum vatnstökunnar. Orkustofnun veitir leyfi til vatnstöku og gerð borhola vegna vatnstöku, að undangengnum rannsóknnum skv. lögum nr. 57/1998 auk þess sem Orkustofnun hefur eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns.

2.3 Lífríki í fjöru og förgun affallsvatns

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að viðtaki sé brimasamur og straumar sterkir og því líklegt að sjávarstraumar og brim þynni affallsvatnið fljótt út. Þess utan muni hluti fastra úrgangefna verða hreinsaður úr affallsvatninu. Af þeim sökum telur Skipulagsstofnun að áhrif affallsvatns á lífríki fjöru verði óveruleg. Matvælastofnun tekur undir þessa ályktun Skipulagsstofnunar og bendir á að vöktun næringarefna sé í

vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar sem getur jafnframt kallað eftir sameiginlegri vöktun á frárennsli rekstraraðila á svæðinu teljist þess þörf. Matvælastofnun telur því að áhrifin verði óveruleg og afturkræf.

2.4 Ásýnd og jarðmyndanir

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að um sé að ræða umfangsmikil mannvirki sem muni breyta ásýnd svæðisins til frambúðar og að það séu þau áhrif sem séu einna neikvæðust. Með vönduðu fyrirkomulagi mannvirkja verði hægt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á ásýnd. Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun og telur að áhrif á landslag og ásýnd verði talsvert mikil en bendir á að búið sé að samþykkja deiliskipulag vegna stækkunar eldisins þar sem eru skýr ákvæði varðandi umfang og útlit bygginga á svæðinu.

Skipulagsstofnun bendir á það í álitum sínum að framkvæmdasvæði Landeldis ehf. við Þorlákshöfn komi til með að raska númtímahrauni eða eldhrauni, en eldhraun njóti sérstakrar verndar sk. lögum um náttúruvernd. Hraunið sé hins vegar talsvert sandorpið og hafi því að mörgu leiti glatað einkennum sem mynda verndargildi. Hraunið sé einsleitt og flatt á framkvæmdasvæðinu og í nágrenni þessog án sérstæðra fyrirbæra svo sem gervígga eða hella. Framkvæmdin muni því ekki hafa veruleg áhrif á jarðmyndunina umfram byggð og vegagerð í og við Þorlákshöfn. Matvælastofnun tekur undir þetta sjónarmið Skipulagsstofnunar.

2.5 Samlegðaráhrif

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að megin hættu á samlegðaráhrifum fyrirhugaðs fiskeldis Landeldis ehf. og annars eldisiðnaðar við Þorlákshöfn kunnir að verða vegna vatnstöku og losunar á úrgangsefnum. Samlegðaráhrif á grunnvatn vegna vatnsöflunar kunnir jafnframt að verða með öðrum vatnsfrekum iðnaði á Þorlákshafnar­svæðinu og mögulegrar aukinnar vatnsvinnslu af hendi Sveitarfélagsins Ölfus samhliða áframhaldandi uppbyggingu innan sveitarfélagsins. Sérstaklega eigi þetta við um jafnvægið milli fersvatnslinsunnar og saltvatnslinsunnar. Matvælastofnun telur ljóst að samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu vegna vatnstöku sé nokkuð óviss en aðgerðir sem rekstraraðili leggur til ætti að draga úr áhrifum vatnstökkunar. Orkustofnun veitir leyfi til vatnstöku og gerð borhola vegna vatnstöku, að undangengnum rannsóknum skv. lögum nr. 57/1998 auk þess sem Orkustofnun hefur eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Sveitarfélagsins Ölfus þann 21. júní 2021. Umsagnir bárust ekki frá Sveitarfélaginu Ölfus né Fiskistofu.

Hafrannsóknarstofnun veitti umsögn þann 21. júní 2021 og leggur áherslu á að ef komi til sleppinga á laxaseiðum sé hættu á neikvæðum erfðafræðiráhrifum vegna starfssemi stöðvarinnar á villta laxastofna.

Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva er kveðið á um að gildistaka sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur og að mati Matvælastofnunar uppfyllir fiskeldisstöð Laxa eignarhaldsfélags þau skilyrði. Frárennsli stöðvarinnar verður vaktað samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins sem Umhverfisstofnun samþykkir.

4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Landeldis ehf. að Laxabraut 21 - 25 í Þorlákshöfn. Rekstrarleyfið heimilur 3.450 tonna hámarkslífmassa á laxi, bleikju og urriða í seiða- og matfiskeldi í eldisstöðinni við Laxabraut 21 - 25 í Þorlákshöfn.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Matvælastofnun afhendir jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 23. nóvember 2037.

Selfoss, 23.11. 2021